



256. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 31. ágúst 2017 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Viðar Garðarsson, Þráinn Hafsteinsson, Örn Andrésen, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðaði: Hafsteinn Pálsson ritari, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Jón Finnbogason, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Þórey Edda Elísdóttir.

#### Dagskrá:

##### 1. Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Vigfús Þorsteinsson formaður stýrihóps ÍSÍ og UMFÍ um Felix kom inn á fundinn, ásamt Elíasi Atlasyni verkefnastjóra Felix og Andra Stefánssyni sem hefur verið til aðstoðar vegna greininga á gögnum úr Felix. Þeir greindu frá stöðu mála varðandi kerfið en ákveðnar keyrslur sem gerðar voru í kerfinu röskuðu niðurstöðum skila á starfsskýrslum í Felix. Áhersla hefur verið lögð á að lagfæra þá stöðu til að tryggja að gögnin í Felix endurspegli skil sambandsaðilanna. Útlit er fyrir að þetta vandamál sé að leysast og í kjölfarið verður tekið til við að vinna úr öðrum athugasemdum sem gerðar hafa verið varðandi kerfið.

Vigfús og Elías véku af fundi en Andri Stefánsson varð eftir til að fylgja eftir næsta dagskrárlið.

##### 2. Úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ

Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir tillögur og rökstuðning Afrekssjóðs ÍSÍ varðandi flokkun sérsambanda ÍSÍ í afrekflokka. Flokkunin er eins og bráðabirgðaflokkunin sem búið var að birta sérsamböndum ÍSÍ á kynningarfundum í vor fyrir utan þá breytingu að Íþróttasamband fatlaðra er nú í A-flokki.

Tillaga Afrekssjóðs ÍSÍ samþykkt samhljóða. Skiptingin er eftirfarandi:

#### A/Afrekssérsambönd

Í þessum flokki eru sérsambönd sem taka reglulega þátt í keppni í hæsta stigi í viðkomandi íþróttagrein með frábærum árangri á síðustu fjórum árum. Gerðar eru kröfur um umfangsmikið afreksíþróttastarf í sérsambandinu og þurfa samböndin að uppfylla fjölmörg atriði sbr. grein 13.1 í reglugerð sjóðsins:

FRÍ – Frjálsíþróttasamband Íslands
FSÍ – Fimleikasamband Íslands
GSÍ – Gólfamband Íslands
HSÍ – Handknattleikssamband Íslands
ÍF – Íþróttasamband fatlaðra
KKÍ – Körfuknattleikssamband Íslands
KRA – Kraftlyftingasamband Íslands
KSÍ – Knattspyrnusamband Íslands
SSÍ – Sundsamband Íslands

### B/Alþjóðleg sérsambönd

Í þessum flokki eru sérsambönd þar sem afreksstarfið felur í sér reglulega alþjóðalega þátttöku á heimsvísu í viðkomandi íþróttagrein, þar sem einstaklingar eru að keppa um stig á heimslista og reyna að vinna sér þátttökurétt á HM/EM og/eða ÓL/PL. Gerðar eru kröfur um ákveðna umgjörð hjá sérsambandinu sbr. grein 13.2 í reglugerð sjóðsins:

BSÍ – Badminton samband Íslands
BLÍ – Blaksamband Íslands
DSÍ – Dansíþróttasamband Íslands
ÍHÍ – Íshökkísamband Íslands
JSÍ – Júdosamband Íslands
KAÍ – Karatesamband Íslands
KLÍ – Keilusamband Íslands
LH – Landssamband hestamannafélaga
SKÍ – Skíðasamband Íslands
STÍ – Skotíþróttasamband Íslands
SKY – Skyllingasamband Íslands

### C/Þróunarsérsambönd

Um er að ræða sérsambönd sem ekki komast í flokk A/Afrekssérsambanda eða B/Alþjóðlegra sérsambanda, en taka þó þátt í alþjóðlegu landsliðsstarfi. Eru það sérsambönd sem taka þátt í HM, EM eða NM og nýta þá kvóta sem þeir hafa vegna þessara móta, eða eru að keppa í forkeppnum eða neðstu stigum viðkomandi greina. Minni kröfur eru gerðar til umfangs og umgjörðar afreksstarfs hjá þessum sérsamböndum sbr. grein 13.3 í reglugerð sjóðsins:

AKÍS – Akstursíþróttasamband Íslands
BTÍ – Borðtennissamband Íslands
GLÍ – Glímusamband Íslands
HRÍ – Hjólreiðasamband Íslands
LSÍ – Lyftingasamband Íslands
SÍL – Siglingasamband Íslands
ÍSS – Skautasamband Íslands
TKÍ – Taekwondósamband Íslands
TSÍ – Tennissamband Íslands
ÞRÍ – Þríþrautarsamband Íslands

### Án flokkunar

Þau sérsambönd sem hafa ekki skilað inn upplýsingum um afreksstarf og skilgreiningar til ÍSÍ hljóta ekki flokkun:

HNÍ – Hnefaleikasamband Íslands
MSÍ – Mótorhjóra- og snjósléðaíþróttasamband Íslands

Farið yfir tillögur Afrekssjóðs ÍSÍ og rökstuðning varðandi fyrstu úthlutanir úr Afrekssjóði ÍSÍ eftir að ný Reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ var samþykkt.

Eftirfarandi úthlutun samþykkt samhljóða. Til viðbótar við samþykki viðstaddra fundarmanna var fengið samþykki Lilju Sigurðardóttur formanns Afrekssjóðs ÍSÍ og Ásu Ólafsdóttur varaformanns Afrekssjóðs ÍSÍ sem voru fjarstaddir:

Körfuknattleikssamband Íslands, viðbótarúthlutun að upphæð kr. 13.000.000,- í styrk vegna landsliðsverkefna.

Frjálsíþróttasamband Íslands, viðbótarúthlutun að upphæð kr. 11.000.000,- í styrk vegna landsliðsverkefna.

Skíðasamband Íslands, viðbótarúthlutun að upphæð kr. 5.500.000,- í styrk vegna landsliðsverkefna.

Samtals er samþykkt kr. 29.500.000 kr. úthlutun úr sjóðnum. Ekki verður hafður sami háttur á og venjulega að tilkynna allar úthlutanir við sama tækifæri heldur unnið með tilkynningu hvernar úthlutunar í samráði við viðkomandi sérsamband. Stefnt er að undirritun vegna viðbótarframlags til KKÍ á EuroBasket 2017 í Helsinki.

Forseti ítrekaði nauðsyn þess að fundarmenn gæti fyllsta trúnaðar varðandi samþykkt úthlutana.

### **3. Ólympísk málefni**

Örn Andrésen formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir ólympísk verkefni sem framundan eru og helstu verkefni sviðsins. Sviðið hefur fundað mikið undanfarnar vikur með sérsamböndum ÍSÍ vegna vinnu við flokkun sérsambanda í afreksflokka.

*PyeongChang 2018*

Farið yfir stöðu mögulegra keppenda á leikunum.

Framkvæmdastjóri skýrði frá skoðunarferð hennar og sviðsstjóra Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ til PyeongChang og Tókíó í byrjun ágúst mánaðar. Undirbúningur fyrir báða þessa leika gengur vel og útlit fyrir að allur aðbúnaður verður góður.

### **4. Fagsvið ÍSÍ**

Þráinn Hafsteinsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni á Þróunar- og fræðslusviði. Stór ráðstefna undir merkjum Sýnum karakter verður haldin í Laugardalshöll 29. september nk. Ráðstefnan ber undirheitið „Allir með“ og þar verður sjónum beint að unga fólkinu og þá ekki síst hvaða hlutverk eru í boði í íþróttahreyfingunni fyrir ungt fólk.

Í fjarveru formanns Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór Líney Rut Halldórsdóttir yfir helstu verkefni á Almenningsíþróttasviði. Umf. Stjarnan hefur sagt upp samningi við ÍSÍ um framkvæmd aðalhlups Kvennahlupsins. Forsvarsmenn félagsins hafa lýst yfir áhuga til áframhaldandi samstarfs en vill taka ýmsa þætti samningsins til endurskoðunar. Forseti skýrði frá fundi sem haldinn var í Garðabæ með fulltrúum frá Garðabæ, Umf. Stjörnunni og ÍSÍ vegna málsins.

Rætt um fyrirkomulag hlupsins og þær hugmyndir sem hafa komið fram varðandi framtíðarskipulag þess.

### **5. Formannafundur ÍSÍ**

Formannafundur ÍSÍ 2017 verður haldinn í Laugardalshöll ÍSÍ 17. nóvember nk. Samkvæmt breytingum sem gerðar voru á lögum ÍSÍ varðandi Formannafund þá

verður framkvæmdastjórum sambandsaðila nú einnig boðið að sitja fundinn. Rætt um möguleg málefni til kynningar á fundinum.

Garðar Svansson mun kanna hvort að áhugi er fyrir hendi að halda óformlegan fund íþróttahéraða á undan Formannafundinum.

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir samþykktir 73. Íþróttapings ÍSí til upprifjunar.

## 6. Íþróttamaður ársins 2017

Sameiginlegt hóf ÍSí og Samtaka íþróttafréttamanna fer fram í Hörpu 28. desember nk. Gert er ráð fyrir því að hluti ÍSí verði aftur sendur beint út á RÚV2.

## 7. Skipan í Kvennahlaupsnefnd og nefnd um íþróttir 60+

Samþykkt að skipa eftirtalda í Kvennahlaupsnefnd ÍSí:

*Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir formaður*

*Anna R. Möller*

*Gígja Gunnarsdóttir*

Almenningsíþróttasvið ÍSí hefur óskað eftir því að fjölgað verði í nefndinni. Samþykkt að bíða með frekari tilnefningar.

Samþykkt að skipa eftirtalda í Nefnd ÍSí um íþróttir 60+

*Garðar Svansson formaður*

*Hermann Sigtrygsson*

*Ástbjörg Gunnarsdóttir*

*Kolbeinn Pálsson*

*Margrét Jónsdóttir*

*Páll Ólafsson*

*Fullrúi frá GSÍ (Golfsambandið mun tilnefna fulltrúa í nefndina og verður nafn þess fulltrúa sent stjórnarmönnum um leið og það berst).*

## 8. Heiðranir

Samþykkt samhljóða að sæma Petur Elias Petersen fyrrverandi forseta

Íþróttasambands Færeyja Gullmerki ÍSí. Merkið verður afhent í tengslum við Nordic Meeting í Færeyjum 8.-10. sept.

## 9. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 255. fundur framkvæmdastjórnar
- 12., 13., 14., 15. og 16. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSí frá 15. júní, 3. júlí, 11. ágúst, 15. ágúst, 21. ágúst og 30. ágúst

Tillaga sviðsins um að velja Ingibjörgu Kristínu Jónsdóttur sem fulltrúa Íslands í Young Change-Makers Programme á Ólympíuleikum ungmenna í Buenos Aires 2018 samþykkt samhljóða.

Afreks- og Ólympíusviði ÍSí veitt heimild til að sækja um styrk til Ólympíusamhjálp vegna A-landsliðs karla í handknattleik vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í Tókíó 2020.

- Afrekssjóðs frá 19. júní, 3. júlí, 14. ágúst, 22. ágúst, 25. ágúst og 31. ágúst
- Þróunar- og fræðsluviðs frá 24. maí og 30. ágúst
- Almenningsíþróttasviðs frá 22. ágúst
- Minnisblað varaforseta frá aðalfundi ENGSO 2017

#### 10. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

#### 11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar eru áætlaðir 21. september, 19. október og 16. nóvember.

#### 12. Önnur mál

##### Framkvæmdir í Íþróttamiðstöðinni

Framkvæmdastjóri fór yfir þær viðgerðir sem framkvæmdar hafa verið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Óskað hefur verið eftir upplýsingum frá sérsamböndum varðandi húsnæðisþörf í framtíðinni.

##### Bréf ÍSÍ til stuðnings umsóknar FSÍ um EuroGym 2020

Fimleikasamband Íslands hyggst sækja um að halda EuroGym árið 2020 og hefur óskað eftir stuðningsyfirlýsingu frá ÍSÍ vegna umsóknarinnar.

Forseti lagði fram drög að stuðningsyfirlýsingu sem var samþykkt samhljóða.

##### Skipan Íþróttamannanefndar ÍSÍ

Lögð fram tillaga að skipan Íþróttamannanefndar ÍSÍ. Samþykkt að skipa eftirtalda í nefndina:

*Kári Steinn Karlsson*  
*Sigurður Már Atlason*  
*Jakob Jóhann Sveinsson*  
*Ágústa Edda Björnsdóttir*  
*Dominiqua Alma Belány*

##### Nordic Meeting

Árlegur fundur íþrótt- og ólympíusambanda á Norðurlöndum, Nordic Meeting 2017, verður haldinn í Færeyjum 8.-10. september nk. Forseti, varaforseti, ritari, framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri og sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ munu sækja fundinn fyrir hönd ÍSÍ.

Hafrún Kristjánsdóttir mun halda erindi á fundinum um íþróttir og andlega líðan.

##### Sjö mánaða uppgjör

Gunnar Bragason fór yfir sjö mánaða uppgjör reksturs ÍSÍ. Reksturinn er í góðu jafnvægi.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.